

Ungmennafélag Íslands

Erindisbréf fyrir Móta- og viðburðanefnd

Skipan og umboð

Nefndin er skipuð af stjórn UMFÍ að afloknu sambandsþingi og fer með mál í umboði stjórnar og samkvæmt samþykktum lögum UMFÍ. Stjórn skipar nefndina og tilnefnir formann. Nefndin er skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Ragnheiður Högnadóttir, stjórn UMFÍ, formaður
Guðmundur Sigurbergsson, stjórn UMFÍ
Haukur Valtýsson, stjórn UMFÍ
Stefán Jónasson, HSP
Þorsteinn Marinósson, UMSE

Hlutverk og markmið

Hlutverk nefndar er að:

- Vera stjórn til ráðgjafar varðandi stefnu í umhverfismálum.
- Starfa samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun hverju sinni.
- Fylgjast með framkvæmd laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar.
- Gera úttekt á umhverfisþáttum af starfsemi UMFÍ í samræmi við samþykkt á sambandsþingi 2019.
- Ljúka úttekt á grisjunarþörf Þrastaskógar og gerða aðgerðaráætlun.

Stjórn UMFÍ óskar eftir eftirfarandi vörðum:

- Febrúar 2020 liggja fyrir aðgerðaráætlun við mat á grisjunarþörf Þrastarskógar.
- Maí 2020 liggja fyrir niðurstaða á framkvæmd grisjunar og kostnaði við hana.
- Maí 2020 liggja fyrir greining á aðferðum við útreikning á kolefnisspori.
- Ágúst liggja fyrir greining á neikvæðum áhrifum af starfseminni og með hvaða hætti unnt sé að draga úr þeim.

Reglur og reglugerðir

- Í tengslum við innkomu nýrra sambandsaðila og breyttar áherslur við mótahald er nauðsynlegt að yfirfara allar reglur og reglugerðir sem tengjast landsmótum.
- Stjórn felur því nefndinni að taka saman allar reglur, reglugerðir og reglur um einstaka keppnisgreinar sem tengjast landsmótum og í kjölfarið koma með tillögum að uppfærðum skjölum.
- Því er óskað eftir að á fundi stjórnar í:
- Febrúar liggja fyrir greining á undirliggjandi skjölum.
- Apríl liggja fyrir tillaga að uppfærslu skjala.

Fjármögnun

- Á stjórnarfundum þann 25. október 2019 var tekið fyrir eftirfarandi erindi frá framkvæmdanefnd unglíngalandsmóts á Selfossi 2020:

Til stjórnar UMFÍ.

- Framkvæmdanefnd Unglíngalandsmóts á Selfossi 2020 hefur rætt fjármögnun mótsins ítarlega, aðkomu UMFÍ að fjármögnun og heimildir framkvæmdanefndarinnar í þeim efnum. Þær umræður eru í raun framhald á umræðum sem fram fóru við undirbúning ULM á Selfossi 2012 og Landsmóts UMFÍ á Selfossi 2013 og voru þá ræddar við fulltrúa UMFÍ í nefndinni en hafa ekki fengið neinn framgang.
- Framkvæmdanefndin telur að bestur árangur fyrir heildarhreyfinguna og mótshald UMFÍ í heild ætti að nást með því að UMFÍ nýtti styrk landssamtakanna, og m.a. fjölbreytni mótahaldsins, forvarnargildi og vinsældir ULM og fjölskyldugildi hreyfingarinnar til þess að leita eftir langtímasamstarfi við öflug fyrirtæki á landsvísu þar sem leitað væri eftir samstarfi um allt mótahald UMFÍ til langs tíma. Nefndin telur að UMFÍ og mótahald UMFÍ sé mjög áhugavert fyrir öflug fyrirtæki að tengjast og styðja til langframa. Til viðbótar við slíka langtímafjármögnun á landsvísu kæmi fjáröflun framkvæmdanefnda, svo sem héraðabundin fjáröflun auk minni fjáraflana og þess sem hingað til hefur verið stundað, eins og auglýsingasala í Skinfaxa. Nefndin lýsir sig tilbúna til slíkrar vinnu í samstarfi við UMFÍ og leggur til að hið fyrsta verði ráðist í hana undir forystu UMFÍ en með aðkomu t.d. fulltrúa þeirra mótshaldara sem nú liggja fyrir.
- Verði ofangreind leið ekki farin mun framkvæmdanefndin á eigin spýtur leita eftir samstarfsaðilum úr hópi sterkra fyrirtækja á landsvísu fyrir ULM 2020 og óskar eftir að forysta UMFÍ aðstoði nefndina við að undirbúa kynningarefni og mæta á kynningarfundum með fulltrúum nefndarinnar.
- Nefndinni er falið að koma með tillögu að fyrirkomulagi styrksöfnunar ásamt mögulegum samstarfsaðila.
- Því er óskað eftir að á fundi stjórnar í:
- Janúar liggja fyrir tillaga að fyrirkomulagi til framtíðar.

Uppgjör og eftirlit með mótahaldi

- Nefndin kalli eftir fjárhagsleguuppgjöri og starfsskýrslu Landsmóts, Unglíngalandsmóts, og Landsmóts 50+ og geri tillögu til stjórnar um mögulegar umbætur við skipulag framkvæmdar og fjárhagslegra þátta viðkomandi móts.
- Því er óskað eftir að á fundi stjórnar í:
- Október liggja fyrir mat nefndar á skipulagi framkvæmdar, fjárhagslegu utanumhaldi og tillögum til umbóta.

Markmiðum sínum nær nefndin m.a með því að afgreiða mál til ákvörðunar stjórnar og stuðla að samstarfi við sambandsaðila og önnur félagasamtök. Nefndinni er heimilt að koma á fót undirnefndum og skal það gert með erindisbréfi sem rammast innan heimildar nefndarinnar.

Hæfi og skyldur nefndarmanna

Nefndin skal leitast við í allri sinni ákvarðanatöku að hafa hagsmuni UMFÍ að leiðarljósi. Það leggur þær skyldur á fulltrúa í nefndinni að setja ávallt hagsmuni heildarinnar ofar sérhagsmunum, hvort sem heldur er sínum eigin eða einstakra hópa er þeir tengjast eða tilheyra. Fulltrúar sem gætu átt hagsmuna að gæta skulu upplýsa um það áður en mál er tekið til umfjöllunar. Fundarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarherbergi nefndarinnar við umræðu og afgreiðslu þess. Með vanhæfni vísast til sveitarstjórnarlaga. Að öðru leyti vísast til siðareglna UMFÍ.

Nefndin hlutast ekki til um daglegan rekstur og starfsemi UMFÍ sem heyrir undir nefndina. Nefndin hefur ekki boðvald yfir starfsfólki UMFÍ. Sé þörf á vinnu starfsmanna UMFÍ vegna verkefna á vegum nefndarinnar skal ósk um slíka vinnu berast framkvæmdastjóra UMFÍ frá formanni nefndar eða starfsmanni hennar.

Fundir og starfshættir

Framkvæmdastjóri tilnefnir starfsmann nefndarinnar. Starfsmaðurinn undirbýr fundi nefndarinnar í samráði við formann, situr fundi hennar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Starfsmaður ritar fundargerðir nefndarinnar og ber ábyrgð á því að leggja fundargerð ásamt tillögum nefndarinnar fyrir næsta skipulagða fund stjórnar.

Formaður nefndarinnar boðar fundi í samráði við starfsmann nefndarinnar. Geti nefndarmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna það til formanns og starfsmanns nefndarinnar. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við. Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndar meðlimir verið boðaðir með að minnsta kosti þriggja sólarhringa fyrirvara. Fundi nefnda skal almennt halda með fjarfundabúnaði en sé nauðsynlegt að halda sameiginlegan fund á einum stað þá skal leita fyrirfram heimildar framkvæmdastjóra fyrir útgjöldum í samræmi við fjárhagsáætlun og fer þá kostnaður eftir ferðareglum UMFÍ. Rekstur nefndarinnar tekur mið af fjárhagsáætlunum UMFÍ hverju sinni. Nefnd er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í nafni UMFÍ.

Formaður nefndarinnar stýrir fundum. Formaður og starfsmaður nefndar skulu leitast við að tryggja að í þeim málum sem til umfjöllunar koma í nefndinni sé andstæðum sjónarmiðum gert jafn hátt undir höfði og lýðræðisleg vinnubrögð jafnan viðhöfð. Nefndin getur boðað á sinn fund aðila til viðræðna um tiltekin mál. Þeir sem sitja fundi nefndarinnar skulu gæta fyllsta trúnaðar um mál, sé þess óskað. Þagnarskylda þessi helst þó látið sé af þessum störfum.

Gildistaka

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt í stjórn og tekur gildi 15. nóvember 2019. Starfstímabil nefndarinnar lýkur á sambandsþingi UMFÍ haustið 2021.